

Nd.

351. Breytingartillögur

[22. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdasjóð öryrkja.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

1. Við 3. gr. c-liður falli niður.
2. Við 4. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:
Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist af tekjum hans.
3. Við 5. gr. Aftan við b-lið komi:
Ákvörðun sjóðsstjórnar um fjármögnun byggingaframkvæmda er þó endanlega háð samþykki viðkomandi ráðherra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970.
4. Á eftir 15. gr. komi ný grein:
Lög þessi skulu endurskoðuð að 6 árum liðnum frá gildistöku þeirra.